

Nr. 24.
10.
nóvbr.

Lög

um

bann gegn botnvörpuveiðum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—10,000 kr., er renna í landssjóð, og skulu hin ólöglegu veiðarfæri og hinn ólöglegi afli upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skip og afla og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr.

Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs, nema skipið sje að leita hafnar í neyð; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, varðar það eptir 2. gr.

4. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lög-reglumál.

5. gr.

Lög. nr. 13, 9. ágúst 1889 eru úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 10. nóvember 1894.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Autoriseret Overføttelse i Genhold til Lov 18de September 1891.

Lov

indeholdende

Nr. 24.
10de
Novbr.

Forbud mod Fiskeri med Bundslæbevaad.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samthkke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Det skal være forbudt paa Søterritoriet ved Island at udøve Fiskeri med Bundslæbevaad (trawl).

§ 2.

Overtrædelser af § 1 straffes med Bøder fra 1,000 Kr. til 10,000 Kr., som tilfalde Landskassen, hvorhos de lovstridige Fiskeredskaber og den lovstridige Fangst skulle være forbrudte, og deres Provenu tilfalde Landskassen. Skibet og Fangsten kunne beslaglægges og efter foregaaende Udlæg sælges til Dækning af Bøder og Omkostninger.

§ 3.

Antræffes et Fiskefartøj inde paa Søterritoriet med Bundslæbevaad inden Borde, uden dog at være i Færd med at fiske, anvendes Straf af Bøder fra 200 Kr. til 2,000 Kr. til Landskassen, med mindre Skibet er i Færd med at søge Nødhavn; antræffes det samme Skib anden Gang paa Søterritoriet med det nævnte Fiskeredskab inden Borde, bliver den i § 2 fastsatte Straf at anvende.

§ 4.

Sager angaaende Overtrædelser af nærværende Lov behandles som offentlige Politifager.

§ 5.

Lov Nr. 13 af 9de August 1889 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10de November 1894.

Ministeriet for Island, den 10de November 1894.

J. Nellemann.

Olafur Halldórsson.